



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27.03.2012  
Tilvísun vor: 98.11

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1638**  
**komudagur 27.3.2012**

**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til upplýsingalaga – þskj. 442 – 366. mál**

Að beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til upplýsingalaga, þskj. 442 – 366. mál, sem lagt hefur verið að nýju fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011 - 2012. Landsvirkjun veitti einnig umsögn um frumvarp það til upplýsingalaga, sem lagt var fram á 139. löggjafarþingi, en hún var auk þess send forsætisráðuneyti við undirbúning þess frumvarps, sem nú liggur fyrir.

Beðist er velvirðingar á drætti þeim, sem orðið hefur á því að senda umsögn um málið að þessu sinni.

**Um lagasetningu gagnvart fyrirtækjum á samkeppnismarkaði**

Landsvirkjun þakkar það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp, en efni þess skiptir hagsmuni fyrirtækisins miklu máli. Stefna Landsvirkjunar er að hafa gagnsæi að leiðarljósi og að birtar verði opinberlega upplýsingar að svo miklu leyti sem því verður við komið, þó þannig að það skaði ekki hagsmuni fyrirtækisins og eiganda þess. Þannig hefur fyrirtækið nú birt upplýsingar sem áður voru ekki aðgengilegar, og er þar átt við meðalverð raforku til stóriðju og í heilðsölu.

Þó er það svo, að það samrýmist ekki að öllu leyti hagsmunum fyrirtækisins að lúta reglum stjórnvísunna þegar kemur að veitingu upplýsinga. Er það vegna þess að fyrirtækið er rekið á einkaréttarlegum grunni á samkeppnismarkaði. Vakinn skal sérstök athygli á því að samkeppnismarkaðurinn er bæði innlands, við önnur íslensk orkufyrirtæki, svo og alþjóðlegur, þar sem keppst er um að laða til Íslands viðskiptavinum í stað þess að þeir staðsetji sig í öðrum löndum.

Eigandi fyrirtækisins er vissulega íslenska ríkið. Hér ber þó að hafa í huga að ákvarðanir sem hið opinbera tekur sem eigandi fyrirtækis á samkeppnismarkaði eru annars eðlis en ákvarðanir teknar í sambandi við stjórnvísun eða löggjöf. Því er nauðsynlegt að ríkið marki sér stefnu um það hlutverk, sem það gegnir sem eigandi, til að tryggja vandaða stjórnarhætti. Þannig er nauðsynlegt að ríkið skilji á milli hlutverks síns sem ríkisvald og eigandi fyrirtækja á samkeppnismarkaði og skapi tiltrú um starfsemina; ekki ríki vafi á að fyrirtæki í opinberri eigu og einkaeigu njóti jafnræðis.

Lagasetning, sem miðar að því að setja fyrirtækjum í eigu opinberra aðila en starfa á samkeppnismarkaði aðrar reglur en gilda um önnur fyrirtæki á sama markaði, er að mati Landsvirkjunar ekki rökrétt og er jafnræði þeirra þar með fyrir borð borið. Mikilvægt er að sama lagaumgjörð og skilyrði gildi um öll framleiðslufyrirtæki á markaði, án tillits til



eignarhalds, og ekki verði lagðar kvaðir á orkufyrirtæki í opinberri eigu sem skerða samkeppnishæfni þeirra.

Rökstuðningur í athugasemdum við frumvarpið fyrir því að færa fyrirtæki í eigu ríkisins, án tillits til starfsumhverfis þeirra, er afar veikur og í raun enginn. Ekki er á neinn hátt fjallað um þær afleiðingar, sem það getur haft í för með sér á starfsemi og stöðu fyrirtækja á samkeppnismarkaði, og þar af leiðandi áhrif á hagsmuni eigandans, að lúta sömu reglum og stjórnýslan þegar kemur að málsmeðferð og efnisreglum um aðgang að upplýsingum.

Litið er fram hjá þeirri staðreynd að í opinberum fyrirtækjum eru bundnir mikilvægir opinberir hagsmunir af því að rekstrarumhverfi þeirra sé traust og þeim sé ekki mismunað gagnvart öðrum fyrirtækjum á sama markaði.

### ***Undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr.***

Með vísan til framangreinds leggur Landsvirkjun til að gerð verði sú breyting á 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins að allir opinberir lögaðilar í samkeppnisstarfsemi verði sjálfkrafa undanskildir lögunum eða að slík undanþága verði takmörkuð við þá starfsemi sem flokkast undir samkeppnisstarfsemi. Undanþágan verði ekki háð mati ráðherra heldur eigi sjálfkrafa við um þá opinberu lögaðila sem eru í samkeppnisrekstri. Sú framkvæmd felur í sér mun skilvirkari stjórnýslu og kemur í veg fyrir að samkeppni sé hamlað eða jafnræðis ekki gætt.


Að öðrum kosti er hætt á að samkeppnisaðilar Landsvirkjunar, hvort sem er innlendir eða erlendir, geti komist yfir upplýsingar sem varða starfsemi Landsvirkjunar. Undanþáguákvæði frumvarpsins sem heimila takmörkun á aðgangi á grundvelli viðskipta- eða fjárhagslegra hagsmuna veita aðeins takmarkaða vernd og koma ekki í veg fyrir að samkeppnisaðilar eða jafnvel viðskiptamenn fái aðgang að hluta gagna eða skjala, t.d. viðskiptasamningum, lánasamningum, fundargerðum eða öðrum viðkvæmum gögnum eða upplýsingum.

Ef breytingin verður samþykkt getur hún orðið til þess að nýir viðskiptavinir eða lánardrottinnar veigri sér við að gera viðskipta- eða lánasamninga við Landsvirkjun. Af framansögðu er því ljóst að breytingin getur skaðað mikilvæga viðskiptahagsmuni Landsvirkjunar, fælt frá nýja viðskiptavini og valdið fyrirtækinu tjóni.

### ***Undanþáguákvæði 2. mgr. 2. gr.***

Vakin er athygli á undanþáguákvæði 2. mgr. 2. gr. Þar er gert ráð fyrir að félög með opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir séu undanþegin gildissviði upplýsingalaga. Ríkar tilkynninga- og upplýsingaskyldur hvíla bæði á útgefendum hlutabréfa og útgefendum skuldabréfa, sbr. reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af Kauphöllinni 1. desember 2009 í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir. Mikilvægt er að tryggja jafnræða fjárfesta og gæti því Landsvirkjun, sem útgefandi skuldabréfa, þurft birta jafnóðum í kauphöll á tveimur tungumálum umtalsverðan hluta þeirra upplýsingar sem óskað væri að fyrirtækið birti á grundvelli upplýsingalaganna. Aðgengi fyrirtækisins að erlendum lánsfjármálamörkuðum mun í framhaldinu versna. Því er vandséð ástæða þess að mismuna þessum aðilum þegar kemur að gildissviði upplýsingalaga.

Landsvirkjun leggur því eindregið til að undanþáguákvæði 2. mgr. 2. gr. gildi líka um þau fyrirtæki, sem hafa skráð skuldabréf samkvæmt lögum um kauphallir, en Landsvirkjun fellur þar undir. Miða ætti orðalag ákvæðisins við það að það nái til fjármálagerninga sem skráðir eru í kauphöll, sbr. skilgreiningu í lögum 108/2007 um verðbréfavíðskipti.



### **7. gr. – málefni starfsmanna**

Í 7. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli í íslenskri löggjöf en þar er fjallað um upplýsingar um málefni starfsmanna. Samkvæmt ákvæðinu er réttur almennings til aðgangs að gögnum um málefni starfsmanna þeirra aðila sem falla undir lögin rýmkaður verulega. Í ákvæðinu felst m.a. að skylt er að veita upplýsingar um föst launakjör. Landsvirkjun bendir á að umrædd breyting getur haft neikvæð áhrif á starfsemi Landsvirkjunar. Ljóst er að aðgangur að slíkum upplýsingum er ekki á hinum almenna markaði og engin skylda hvílir á atvinnurekendum að veita slíkar upplýsingar. Breytingin gæti einnig haft í för með sér fælingarmátt hvað varðar nýja umsækjendur um störf.

### **36. gr. - Þjóðskjalasafn**

Í 36. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á öðrum lögum, þ. á. m. lögum um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985. Þar er gert ráð fyrir nýju ákvæði um að lögaðilar sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera séu skilaskyldir hvað gögn varðar til Þjóðskjalasafnsins.

Verði ákvæðið samþykkt óbreytt felst í því að Landsvirkjun, sem er alfarið í eigu ríkisins, verður skilaskyld um gögn til Þjóðskjalasafnsins. Allir samningar og önnur trúnaðarskjöl sem Landsvirkjun hefur gert bæði við lögaðila og einstaklinga ber því að afhenda Þjóðskjalasafni. Samningar sem Landsvirkjun hefur gert eru margir til mjög langs tíma. Til dæmis eru samningar um nýtingu orkunýtingaréttinda gerðir til 65 ára og samningar um rafmagnssölu eru gerðir til 25 til 40 ára með möguleika á framlengingu. Í slíkum samningum eru gjarnan ákvæði um trúnað á milli aðila og að ekki megi upplýsa um tiltekin efni samningana eða afhenda þá nema með samþykki gagnaðila. Ef það er gert án samþykkis gagnaðila getur slíkt leitt til bótaskyldu þess er upplýsir. Hér er því um mjög vandmeðfarin mál að ræða.

Þjóðskjalasafnið er stjórnvald sem heyrir undir upplýsingalög nr. 50/1996 og ber skylda til þess að afhenda gögn og upplýsingar á grundvelli þeirra. Í þessu felst að Þjóðskjalasafni getur borið skylda til þess að veita aðgang að gögnum Landsvirkjunar sem eru í vörslu safnsins og sem eru vegna langs gildistíma, enn bundin trúnaði.

Samkvæmt upplýsingalögum er heimilt að takmarka aðgang að hluta skjala á grundvelli viðskiptalegra hagsmuna. Slík ákvæði takmarka hins vegar ekki aðgang að skjali í heild. Samningar sem Landsvirkjun hefur gert við rafmagnskaupendur, lánastofnanir, landeigendur og fleiri aðila sem bundnir eru trúnaði, geta því orðið aðgengilegir almenningi að fullu eða hluta. Ef veittur er aðgangur að slíkum skjölum án samþykkis gagnaðila Landsvirkjunar getur það falið í sér samningsbrot og bótaskyldu eins og fyrr greinir vegna ákvæða um trúnað.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið leggst Landsvirkjun alfarið gegn því að skilaskylda á gögnum til Þjóðskjalasafnsins taki til Landsvirkjunar.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri